

Viðauki 2 Umfjöllun um álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi fjármálastöðugleika

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kynnti sér íslensk efnahagsmál á fundum með fulltrúum stjórnvalda dagana 18.-27. mars sl. Á lokafundi nefndarinnar lagði formaður hennar fram álit og niðurstöður af viðræðum hennar og athugunum hér á landi. Með sendinefndinni voru tveir sérfræðingar sem höfðu það verkefni að meta áhættuþætti í fjármálakerfinu. Í álitinu sendinefndarinnar er m.a. að finna ábendingar um fjármálastöðugleika. Hér að neðan er fjallað um þessar ábendingar.

Ábending IMF

Enn er mikil verðbólga sem felur í sér ógn við stöðugleika.

Endurhverf viðskipti [við Seðlabankann] hafa komið í stað venjubundinnar fjármögnunar [lánastofnana]. Umfangendurkaupabrennlar starfsemi á peningamarkaði. Endurkaup hvetja til aukinnar áhættu og skammtífastöðutöku. Endurskoðun á endurhverfum viðskiptum. Vísbending um of lága stýrivexti.

Afkoma sparissjóðanna er lakari en viðskiptabankanna vegna útlánataps og of seinvirkra hagræðingar- aðgerða.

Liður Umfjöllun

3 Þjóðhagslegt jafnvægi er mikilvægt fyrir stöðugleika fjármálakerfisins. Fylgja þarf fast eftir meginmarkmiði Seðlabanka Íslands um að ná niður verðbólgu. Árangur í þeim efnum eykur bæði þjóðhagslegan og fjármálalegan stöðugleika.

8 Aukning endurhverfra viðskipta skýrist að mestu leyti af innstreymi á krónum í Seðlabankann vegna inngripa á gjaldeyrismarkaði, breytinga á stöðu ríkissjóðs og hækkunar bundins fjár, sem m.a. stafar af lækkun gengis krónunnar. Vegna þess hversu háðir bankarnir eru Seðlabankanum um laust fé verða þeir að bregðast við vaxtabreytingum Seðlabankans. Ef verði er ekki stjórnað þarf magnstýringu sem krefst nákvæmra lausafjárspáa því að ella er hætta á að stýrivextir verði of sveiflukennndir og þau vaxtaskilaboð sem Seðlabankinn væri að senda markaðnum gætu farið hjá garði. Kosturinn við þessa aðferð er hins vegar sá að ef rétt er spáð um laust fé fengi Seðlabankinn til baka skilaboð í formi vaxtanna um það hvernig ástandið er á markaði. Miðlun lausafjár milli lánastofnana virðist vera takmörkunum háð vegna þröngra lánamarka sem væntanlega byggjast helst á áhættumati en að hluta til gæti ráðist af samkeppnissjónarmiðum. Einnig virðist aðgangur að veðhæfum skuldabréfum hamlar þessum viðskiptum, a.m.k. hjá einstaka stofnunum.

Hluti endurhverfra viðskipta er nú notaður til að fjármagna afleiðuviðskipti þar sem áhætta er mjög lítil en möguleiki á fjármögnun með öðrum hætti er takmarkaður vegna þess hversu skammt á veg markaðurinn er kominn hér á landi og hversu lítill hann er. Takmörkun á möguleikum til endurhverfra viðskipta nú myndi sennilega leiða til samdráttar í lausu fé í umferð og þar með drægi úr lækkun milli-bankavaxta sem nýlega er komin til.

10 Fyrir fjármálastöðugleika er þýðingarmest að kerfislega mikilvægu fjármálastofnanirnar séu traustar. Engu að síður er ástæða til að fylgjast vel með smærri stofnunum. Hvetja þarf til hagræðingar, hlutafélagavæðingar, eflingar eigin fjár þar sem við á og árvekni við áhættustýringu. Fjármálaeftirlitið fylgdist náið með hverri stofnun fyrir sig. Seðlabankinn fylgdist sérstaklega með lausafjárstöðu þeirra.

Ábending IMF

Vanskil hafa aukist á árinu 2001 vegna minnkandi eftirspurnar á neyslu- og smásöllumarkaði og öðrum heimageirum.

Afskriftarframlög hafa aukist en reglur um þau eru enn lakari en best gerist erlendis.

Reiknað með versnandi gæðum lánaafna á árinu 2002 vegna minni efnahagssumsvifa.

Nauðsynlegt er að fylgjast með veðum og framlagi í varasjóði, sérstaklega vegna raunlækkunar fasteignaverðs.

Lán lífeyrissjóða á skuldabréfum geta myndað lánaáhættu sem ekki er nægilega fylgst með. Lán á skuldabréfum til tengdra fjármálafyrirtækja eykur hagsmunatengsl og gæti valdið freistnivanda sem kynni að hindra markvissa innri áhættustjórnun.

Ef verðbólga og lækkun fasteignaverðs fer saman um lengri tíma gæti áhætta Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða vaxið vegna þess að greiðslubyrði verðtryggðra veðlána og annarra skulda eykst.

Liður Umfjöllun

- 10 Vanskil einstaklinga og fyrirtækja jukust verulega 2001. Helsta orsök er minnkandi eftirspurn en væntanlega einnig útlánaþensla fyrri ára. Ástæða er til að greina og flokka betur vanskil og ástæður þeirra. Vanskil eru enn mun minni en þau urðu á fyrri hluta síðasta áratugar.
- 10 Í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 692/2001 um ársreikninga lánastofnana er að finna ákvæði um afskriftarframlög, sbr. 57. gr. reglnanna og viðauka I við þær reglur. Þessar reglur veita lánastofnunum nokkurt svigrúm við mat á afskriftarþörf. Reynslan sýnir jákvætt samband milli framlaga í afskriftarreikning og hagnaðar lánastofnana en ákvörðun framlaga þyrfti að vera óháð líklegri afkomu. Skýra mætti kröfur varðandi mat á afskriftarþörf. Hér á landi mun vera fylgt svipuðum reglum og t.d. á hinum Norðurlöndunum.
- 11 Almennt má búast við að lánaöfn versni nokkuð að gæðum á þessu ári og vanskil aukist að einhverju marki. Áhrif efnahagssumsvifa á þessa þætti eru óviss að því er varðar umfang og tímasetningar en uppgjör útlánataps birtist ávallt með töfum í reikningum lánastofnana.
- 11 Rétt er að gæta varúðar við mat á veðum, einkum í atvinnuhúsnæði.
- 11 Fjármálaeftirlitið er að kanna umfang þessara viðskipta. Að því marki sem lánaáhætta færir frá lánastofnunum yfir á lífeyrissjóði eykst fjármálastöðugleiki burtséð frá öðrum e.t.v. óæskilegum áhrifum.
Síðari ábendingin lýtur að því að leggja ber áherslu á mikilvægi svonefndra Kínamúra í starfsemi fjármálafyrirtækja.
- 12 Þessi athugasemd er sjálfgefin en til þess að vandamál skapist þarf jafnframt að gefa sér að ráðstöfunartekjur lækki.

Ábending IMF

Ákvæði í lágmarksstöðlum fyrir áhættuflokkun útlána verði hert. Ákvæði í lágmarksstöðlum fyrir veðmat verði hert. Eftirlit á staðnum hjá fjármálastofnunum verði hert. Fylgst verði náið með ört vaxandi lánnum á skuldabréfum.

Fylgst verði náið með fjárfestingarbankastarfsemi.

Leggja ber áherslu á samþykkt og framkvæmd laga sem eru í undirbúningi sem efli:

- eftirlit með innbyrðis tengdri fjármálastarfsemi.
- eftirlit á samstæðugrundvelli.

Eiginfjárreglur taki mið af áhættu í starfsemi banka.

Liður Umfjöllun

12 Þessar ábendingar enduróma FSSA-álitid sem birt var í júní 2001. Í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 693/2000 um eiginfjárhlutfall lána- stofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu er kveðið á um áhættuflokkun útlána. Þessar reglur eru byggðar á EES-reglum.

Reglur um veðmat mætti skýra. Ástæða er til að kanna erlendar fyrirmyndir. Fjármálaeftirlitið er að kanna hvert er umfang lána á skuldabréfum og hvaða fyrirtæki eiga í hlut. Fást þá svör við getgátum um innbyrðis tengsl lánþega og lánveitanda og hvort um sé að ræða aukna áhættu þess vegna.

Kanna þarf áhættu fyrir fjármálastöðugleika bæði varðandi lausafjármögnun og kerfisáfall sem leitt gætu til verðfalls á skuldabréfum.

12 Starfsemi fjárfestingarbanka er í eðli sínu áhættusamari en rekstur viðskiptabanka eða sparisjóðs.

12 Bankalaganefnd vinnur að endurskoðun bankalöggjafarinnar.

12 Málið er í vinnslu á vegum bankalaganefndar og sérstaks vinnuhóps um m.a. eiginfjárkröfur.